



Reykjavík, 5. júní 2024

Til: Atvinnuveganefndar Alþingis
Frá: Fyrirtækjum í hótél- og gistiþjónustu (FHG)

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um ferðamálastefnu og aðgerðaáætlun til 2030 (1036. mál)

Fyrirtæki í hótél- og gistiþjónustu (FHG) styðja heilshugar framlagða þingsályktunartillögu. Aðgerða-áætlunin sem hún geymir er einstök fyrir þær sakir að í vinnu að henni náðist breið samstaða mikils fjölda aðila sem að henni komu, fólks í ferðaþjónustu, fólks úr háskólasamfélaginu og opinberra aðila þ.m.t. sveitarfélaganna. Það tækifæri ber að nýta. Áætlunin geymir fjölmargar mikilvægar tillögur að aðgerðum sem FHG styðja.

FHG komu sérstaklega að vinnu starfshóps um samkeppnishæfni og verðmætasköpun. Tillögur þess hóps sem ályktunin inniheldur leggja grundvöllinn að sátt um með hvaða hætti stýra skal álagi á viðkvæmar náttúruperlur, styðja við heilsársuppyggingu ferðaþjónustu á landinu og draga úr þeirri mismunun sem hefur verið í rekstrarumhverfi söluaðila gistingar á landinu. Tillögur um álagsstýringu geyma verkfæri til að bregðast við troðningstúrisma sem þegar er farið að bera á við sumar náttúruperlur og eru um leið tekjuöflun fyrir hið opinbera.

Lögfesting þingsályktunartillögunnar mun skapa jarðveg fyrir frekari vinnu á grunni hennar og þannig styðja við að stærsta atvinnugrein landsins verði rekin í sem mestri sátt við land og þjóð. Mikilvægt er að fara að vinna að sumum þeirra atriða sem þingsályktunin geymir, eins og útfærslu álagsstýringar og formi gjaldtöku til uppbyggingar innviða, sem allra fyrst. Því vonast FHG til þess að hægt verði að afgreiða ályktunina fyrir þingfrestun.

Virðingarfyllst,
Kristófer Oliverson
formaður FHG

Fylgiskjal:

Minnisblað: *Framtíðarsýn tengd komum skemmt ferðaskipa til Íslands: Reynsla annarra ljóða*